



Áfangalýsing ML

Titill:	Lífsleikni og samfélag
Námsgrein:	Lífsleikni
Viðfangsefni:	Samræða nemenda við sjálfa sig og umhverfi sitt
Skammstöfun:	LÍFS1ES01
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	<p>Lífsleikni er geta til að laga sig að mismunandi aðstæðum og breyta á jákvæðan hátt. Sú geta gerir okkur kleift að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Lífsleikni felst í samræðunni við okkur sjálf og umhverfi okkar þar sem rými er skapað til þess að dýpka þann skilning.</p> <p>Áhersla er lögð á að efla sjálfsmynd nemandans og trú hans á eigin getu en jafnframt gera hann meðvitaðan um þá ábyrgð sem hann hefur í samskiptum við aðra. Gerð er krafa um að nemendur skoði markvisst persónu sína og endurskoði markmið sín og lífstíl. Nemendur kynnst því hvernig þeir geta haft bein og óbein jákvæð áhrif á samfélagið sitt. Í áfanganum er unnið að því að styrkja félagstengsl milli nemenda, undirbúa þá til að takast á við krefjandi nám og leggja þannig grunn að frjóu menntasamfélagi. Eitt af markmiðunum er að nemendur eflist í að koma fram af virðingu við aðra í fjölmennningarlegu þjóðfélagi. Nemendur eru hvattir til að yfirfæra þá þekkingu og vinnubrögð sem þeir öðlast yfir á aðrar námsgreinar og út í lífið almennt. Nemendur fá tækifæri til að vinna við margvísleg viðfangsefni á fjölbreyttan og skapandi hátt.</p> <p>Viðfangsefni lífsleikninnar eru breytileg en geta tekið mið af eftirfarandi: sjálfsmynd og samskiptum, tilfinningum og tilfinningagreind, kynheilbrigði, skapandi hugsun og leikrænni tjáningu, menningu og listum, lýðræði, mannréttindum og skiptingu lífsgæða svo nokkuð sé nefnt.</p>
Forkröfur:	Engar.
Þekkingarviðmið:	<ul style="list-style-type: none">• þeim kröfum sem gerðar eru í námi í framhaldskóla.• að spyrja sjálfan sig og aðra spurninga.• þýðingu þess að lifa í samfélagi við aðra.• því að verða betur meðvitaður um sjálfan sig, áhugasvið sitt og styrkleika.• framtíðarmöguleikum sínum.• mikilvægi markmiðasetningar og leiðum að settum markmiðum.• gagnsemi sjálfboðastarfa fyrir samfélagið.



Leikniviðmið:	<ul style="list-style-type: none">• tjá sig í töluðu og rituðu máli.• sýna umburðarlyndi, samhygð og virðingu fyrir öðrum.• beita gagnrýnni hugsun og spyrja spurninga.• bera virðingu fyrir sjálfum sér.• Að nemendur geti tjáð sig munnlega og skriflega um viðfangsefni sín og staðið fyrir máli sínu.• Að þjálfarar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, í umræðum, einstaklings- hópa- og paravinnu þar sem þeir takast á við ýmiskonar spurningar sem efla almennan þroska þeirra, samkennd og víðsýni, ábyrgð og sjálfstæði.• Að nemendur styrki sjálfsmynd sína og verði færari um að taka ábyrgð á eigin lífi.• Að nemendur öðlist aukin skilning á því samfélagi sem þeir lifa og starfa í og læri leiðir til að verða virkari og ábyrgari samfélagsþegnar.
Hæfniviðmið:	<ul style="list-style-type: none">• auka færni sína í mannlegum samskiptum.• bæta eigin vinnubrögð og samstarf við aðra.• taka ábyrgð á eigin lífi og vera meðvitaðri um að daglegar ákvarðanir og breytni hafa áhrif til framtíðar.• lifa í þjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.• stunda árangursríkt nám á framhaldsskólastigi og taka ábyrgð á eigin námi.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.